

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. ágúst 2016 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Flóahrepps 10. ágúst 2016.

Í breytingunni felst að 15 ha frístundasvæði (F8) í landi Egilsstaða 1 minnkar þar sem um 10 ha þess er breytt í landbúnaðarsvæði. Stofna á lögbýlið Lynghæð á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. ágúst 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2016